

4. fundur starfshóps um félagslega heimaþjónustu.

Fundurinn er fjarfundur í Teams haldinn kl. 15, þriðjudaginn 6.apríl 2021.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Valdimar Víðisson, Anna Karen Svövdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu.
Núgildandi reglur verða sendar á starfshópinn. Einnig óskar starfshópurinn eftir að samningurinn sveitarfélagsins og DAGA vegna félagslegrar heimaþjónustu sem gerður var 2016, liggi fyrir á næsta fundi.
2. Gjaldskrá og kostnaður.
Fjallað var um gjaldskrá stuðningsþjónustunnar og kostnað notenda vegna þjónustunnar. Óskað er eftir því að sett verði fram t.d. tvær sviðsmyndir þar sem fram kemur kostnaður einstaklinga sem njóta viðamikillar þjónustu hjá sveitarfélaginu.
3. Formaður Öldungaráðs er boðaður á næsta fund starfshópsins.

Næsti fundur starfshópsins verður þriðjudaginn 13.apríl kl. 14.

Fundi slitið kl. 15:45.